

# FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

Reykjavík, 27.október 2010

Múlavirkjun ehf  
Bt. Eggerts Kjartanssonar

## Mál:

Deiliskráning á Seljabrekkum/Seljadal við Hraunsfjarðarvatn.

## Niðurstaða:

Við skráningu á Seljadal voru skráðir 4 minjastaðir, (sel 242:011, mógrafir 242:016, sel 242:019 og þúst 242:020), með 6 tóftum og einni þúst.

## Meðfylgjandi:

- Fornleifaúttekt.
- Kort sem sýnir staðsetningu minjastaðanna.
- Skrá yfir hnit í landshnitakerfi (ISN93).

Í ágúst síðastliðnum fór Eggert Kjartansson, framkvæmdastjóri Múlavirkjunar, þess á leit að Fornleifastofnun Íslands ses tæki að sér deiliskráningu á undirlendi suðvestur af Hraunsfjarðarvatni sem ýmist er nefnt Seljabrekkur eða Seljadalur.<sup>1</sup> Vatnið er annað tveggja stöðuvatna sem var virkjað við gerð Múlavirkjunar, hitt er Baulárvallavatn. Vegna virkjunarinnar hefur yfirborð vatnsins hækkað og því er undirlendi Seljadals að fara undir vatn.

Við heimildavinnu sem og vettvangskonnnun var farið eftir lögbundinni skilgreiningu fornleifa. Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir m.a. að til fornleifa teljist hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafi gert eða mannaverk séu á. Að auki teljast gamlir vegir, vöð og álagablettir til minjastaða svo eitthvað sé nefnt, enda er skilgreining laganna býsna víðtæk. Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

<sup>1</sup> Málvenja er fyrir því að nefna þetta undirlendi Seljadal og það er merkt sem slíkt á Herfingjaráðskort. Í örnefnaskrá Hraunsfjarðar sé örnefnið Seljadalur hins vegar notað yfir mun stærra svæði, allt umhverfis vatnið og það svæði sem til úttektar er nefnt Seljabrekkur. Í þessu bréfi verður haldið sig við málvenju og svæðið suðaustan við vatnið, sem tekið var út, nefnt Seljadalur.

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og  
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á  
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

# FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

Seljadalur tilheyrði áður jörðinni Hraunsfirði- (SN-242) sem nú er í eyði. Svæðið sem var til úttektar, að beiðni verkkaupanda, var undirlendi Seljadals og neðri hlíðar dalsins. Fornleifaskráningin var unnin þann 21. september af fornleifafræðingunum Ragnheiði Gló Gylfadóttur og Sólveigu Guðmundsdóttur Beck.

Líkt og örnefnið Seljadalur gefur til kynna er úttektarsvæðið dalur, nánar tiltekið dalverpi, með grasvöxnu og mýrlendu undirlendi. Brattar fjallshlíðar eru niður í dalinn og renna lækjarsprænur þar í fremur grýttum farvegum á milli gróinna hlíða. Reynt var að hafa upp á staðkunnugum og rætt við Daníel Hauksson, bónda á Arnarstöðum um svæðið. Þar sem Hraunsfjörður er í eyði fannst þó enginn heimildamaður sem þekkti svæðið sérstaklega vel en örnefnalýsing jarðarinnar er ítarleg og því sæmilega gott að átta sig að staðarlýsingum. Auk þess birtist grein í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* árið 1961 um Seljadal sem mikið gagn var af.

Eins og áður sagði fundust fjórir minjastaðir á svæðinu, þar af ein tóftarþyrping með fimm tóftum og er ljóst að hún (SN-242:011) er í stórhættu. Þegar svæðið var skoðað í september var fremur lítið í vatninu en greinilegt að á tíðum gengur það mun nærri mannvirkjum en það gerði þá. Samkvæmt upplýsingum frá forsvarsmönnum virkjunar mun vatnsyfirborðið þó ekki koma til með að fara hærra heldur en þau mörk þess sem greina má í landinu nú (t.d. á gróðurfari). Að neðan fylgja helstu niðurstöður fornleifaskráningarinnar og mat skrásetjara á þeirri hættu sem fornleifum á dalnum er búin. Rétt er að ítreka það að við úttektina var eingöngu skoðað umbeðið svæði, á Seljadal, en ekki en svæðið umhverfis vatnið að öðru leyti ekki tekið út.

## Fornleifaskrá:

SN-242:011 Seljadalur tóftaþyrping sel

64°55.035N 22°57.693V



Mynd 1 Seljadalur horft til SSV

"Dalurinn suður frá bæjunum í Hraunsfirði og Horni heitir Bæjardalur, eftir dalnum fellur smá á, sem heitir Hraunsfjarðará [ ... ] þar til gil, sem heitir Gyltugil, fellur í hana austanfrá, ræður það merkjum eftir það upp í kletta, er heita Hádegisklettur. Sunnan við Hádegiskletta eru hæðir á brúninni, sem heita Torfdalskúlur [012] ... Suðaustan við kúlurnar er stór dalur, sem heitir Seljadalur. Í honum er mjög stórt vatn sem heitir Hraunsfjarðarvatn (í Landnámu kallað

t 1047. NETFANG:FSJ@INSTARCH.IS. KT. 680695-2969

-ICELAND. TEL. + 354 - 551 1033 – FAX: +354-551 1047

# FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS


## S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

Hjarðarvatn) Suðurhliðin á Torfdalskúlum er kölluð Seljabrekkur, neðst í þeim, niður við vatnið, eru seljarústir," segir í örnefnaskrá. Guðbrandur Sigurðsson ritaði lýsingu á rústumum í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1961:

"Hinar fornu seltóftir á Seljadal eru 300-400 metra norður frá suðurenda Hraunsfjarðarvatns undir vesturhlið dalsins á hallalitlu og gróðursælu graslendi. Tóftirnar eru allmargar, og virtist mér mega greina þær sem hér segir: 1. Stærsta tóftin, 4,0 x 1, 7 m snýr frá vestri til austurs með dyr á austurgafli. Þessari tóft hefur verið raskað á síðari árum á þann hátt, að það virðist hafa verið stungið upp úr gólfinu og hún þannig dýpkuð um skóflustungu, en veggir hennar halda nákvæmlega sinum forna svip. Gamall bóndi frá Hraunfirði sagði mér, að hann hefði heyrt orðróm um, að einn Hraunsfjarðarbóndi hefði tekið upp mó á Seljadal, þurrkað hann þar og flutt hann f þessa tóft eftir að hafa stungið upp úr henni. Móinn dró hann svo um veturinn heim á sleða. II. Fast við norðurvegg fyrrnefndrar tóftar er önnur tóft með dyrum mót norðri, 2 x 2 m að stærð. III. Um það bil 20-30 m norðvestur frá fyrrnefndum tóftum er ein seltóft um 2 m í þvermál, sem virðist hafa verið hringlaga og hlaðin saman í toppinn, með dyr mót norðri. IV. Um 40 m norður frá seltóft I er ein tóft, sem snýr frá vestri til austurs, 3 x 2 m að stærð. Þessi tóft hefur að líkindum verið eitthvað lengri, þó nú verði ekki um það vitað. Seinni tíðar menn hafa raskað seltóftinni með því að byggja fjárbyrgi þannig, að austurgafli seltóftar lenti undir vesturvegg byrgisins. Gera má ráð fyrir því, að auk gaflsins hafi einnig nokkuð af lengd seltóftar horfið undir fjárbyrgið. Þætti mér líklegast, að hér hefðu staðið saman 2-3 seltóftir. V. Beint norður af síðastnefndri seltóft er ein tóft, að stærð 3 x 2 m. Allar þessar seltóftir eru jafnfornlegar og virðast vera frá sama túna. Þær eru byggðar eingöngu úr torfi, enda er ekkert grjót nærtækt. Ég leitaði út frá selinu að kvíunum án árangurs. En skammt neðan við tóftir I og II fann ég einkennilegan reit af smáþýfi, langan og mjóan. Kom mér til hugar, að hér væru leifar af kvíum. Hér er alls staðar gljúpur og geysilega þykkur jarðvegur. [ ... ] Ég vil geta þess, að örskammt norðan við seltóftirnar fellur silfurtær fjallalind niður. Það hefur verið föst venja að byggja setin við rennandi læk eða lind. Það er sannfæring mín, að á Seljadal hafi staðið tvö sel og að helzt tvær seltóftir hafi horfið undir áðumefndt fjárbyrgi. Nafn dalsins bendir einnig til þess. Annað selið kann að hafa tilheyrt Snorrastöðum, sem stóðu skammt vestur frá bænum Hraunfirði."

Þann 21.september 2010 voru þessar tóftir skoðaðar að nýju. Þær eru um 60 m norðan við tóft 020, um 450 m NNA við sel 019 og eru í norðausturhluta dalsins.

Tóftaþyppingin er í aflíðandi brekku til SSA og endar til austurs á flatlendi. Svæðið er stórþýft og grasivaxið.



# FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

## S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N



Mynd 3 Tóft A horft til norðurs



Mynd 4 Tóft B horft til VNV



Mynd 3 Tóft B horft til VNV

Á svæði sem er 50 x 30 m að stærð og snýr austurvestur má enn greina fimm tóftir. Þær eru allar signar, grasivaxnar og ógreinilegar. Var hverri tóft gefin bókstafur til aðgreiningar. Greinilegt að allar tóftirnar eru í stórhættu vegna vatnsaga, ein þeirra er stórskemmd og land tekið að brotna umhverfis aðra. Tóft A er syðst á svæðinu. Hún er 8 x 5,5 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru grasivaxnir og engar grjóthleðslur eru greinilegar. Veggirnir eru 0,2 - 0,5 m á hæð og og inngangur er á miðri austurhlið. Tóftin er að öllum líkindum sú sem stungið var upp úr lft og lýst er í grein Guðbrands Sigurðssonar og hann nefnir tóft 1. Rof er komið í jarðveginn fast suðaustan við tóftina sökum vatnsaga. Tóftin var um 25 m frá vatnsyfirborði þegar skrásetjarar voru á ferð þann 21.09.2010 en vatnið fer þó greinilega alveg upp að tóftinni þegar vatnsyfirborðið er hærra. Tóft B er um 40 m norðvestan við núverandi vatnsyfirborð og um 25 m norðan við tóft A. Lækur rennur til suðurs fast austan við tóftina og hún byrjuð að síga þar ofan í að norðaustan. Lækjarfarvegurinn er 1-2 m á breidd og 0,5- 1 m á dýpt. Tóftin er 5,5 x 5 m að stærð, er einföld og smáþýfð en mosa- og grasivaxin. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og inngangur er í norðausturhorni. Að utan eru veggirnir 0,2-0,5 m að hæð en að innan 0,2-0,3 m. Þetta er líklega sú tóft sem Guðbrandur lýsir sem tóft III. Tóft C er um 15 m norðan við tóft A, um 7 m sunnan við tóft B og um 35 m norðvestan við núverandi vatnsyfirborð. Tóftin er í þýfu graslendi sem hallar 2 -5° til SSA. Hún er 8,5 x 6 m að stærð og hleðslurnar eru mjög signar eða 0,2-0,5 m að hæð. Suðausturhlið tóftarinnar er nú lítið annað en þúfnabakki. Norðurveggur tóftarinnar er að hluta grafinn inn í náttúrulegan bakka. Tóftin skiptist í tvö hólfi. Hólf 1 er austar og er um 3 x 3 m að innanmáli. Inngangur er í það á miðri suðurhlið. Hólf 2 er vestan við hólf 1 og er 1 x 1 m að innanmáli. Hólfíð er mjög óskýrt en inngangur virðist vera til vesturs. Þetta er að öllum líkindum tóft II í lýsingu Guðbrands. Tóft D er um 15 m norðaustan við tóft A og um 15 m suðaustan við tóft B. Tóftin er um 25 m frá vatnsyfirborði. Hún er um 11 x 7,5 m að stærð og veggir eru 0,2 - 0,5 m að hæð. Hleðslur tóftarinnar eru signar, grasivaxnar. Tóftin er illa rofin vegna vatnsaga að suðaustan vegna vatnsins og lækjar sem fyrr hefur verið nefndur. Tóftin er tví - eða þrískipt en mögulegt er að yngri tóft hafi verið

# FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N



Mynd 6 Tóft D. Hólf 1 séð úr suðvestri og hólf 2 úr austri

byggð í vesturhluta hennar. Hólf 1 er norðaustar og er um 3 x 1 m að innanmáli. Það sést í raun sem dæld en skýrar hleðslur eru ekki sjáanlegar. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er hringlaga, um 3 m í þvermál og afmarkar einföld grjóthleðsla hólfíð. Hvergi sést inngangur inn í hólfíð. Þessi tóft er að öllum líkindum sú sama og Guðbrandur lýsir sem tóft IV þótt áttum beri ekki saman. Tóft E er um 35 m austan við tóft A og um 25 m ASA við tóft D. Tóftin var 5 m frá vatnsyfirborði. Hún er illa röskuð vegna vatnsaga og hlutar hennar eru að öllum



Mynd 7 Tóft E séð til austurs og vesturs.

líkindum horfnir ef ljósmynd sim birtist í grein eftir Friðrik Ársælssonar í Morgunblaðinu þann 1. ágúst 2007 er skoðuð. Tóftin er um 9,5 x 7,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru að mestu úttlattir, lítið annað er moldarbakkar lö rofabarði að vestan. Þeir eru 0, 1-0,4 m að hæð. Grjótdreif liggur meðfram suðausturhlið moldarbakkans. óftin virðist vera tvískipt en tengslin á milli hólfanna eru óskýr. Hólf I er

suðvestar. Það er um 6 x 6 m a innanmáli en enginn veggur er fyrir suðvesturhlið. Ef ljósmynd Friðriks er skoðuð sést að þar hefur verið veggur 2007. V ,turveggur hólfins er í bestu ástandi þó hann sé að mestu rofabarð. Aðrir veggir hólfins eru einungis moldarbakkar. Hólf 2 er norðaustan við hólf 1. Það er um 2 x 1 m að innanmáli og virðist opið til suðvesturs. Veggirnir eru grasivaxnir og 0,2-0,5 m að hæð. Að austan er hólfíð byrjað að rotta vegna vatnsaga. Þetta er líklega tóft V í lýsingu Guðbrands þótt áttirnar séu aðrar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots



Mynd 8 Mynd úr Morgunblaðinu þann 1. Ágúst 2007. Horft er til ASA.

BÁRUGATA.3-101 REYKJAVÍK. SÍMI: 551 1033 - FAX:551 1047. N

INSTITUTE OF ARCHAEOLOGY, BÁRUGATA 3, 101 REYKJAVÍK - ICELAND. TEL.+ 354 - 551 1033 - FAX: +354-551 1047

# FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

**Heimildir:** Ö-Hraunfjörður, 1-2; Árbók fornleifafélagsins 1961, 86-87

**SN-242:016** heimild um mógrafir

64°54.974N 22°57.796V

1702: "Móskurður að mestu þrotinn," segir í Jarðabók Áma og Páls um mótekju í Hraunfjarðarlandi. Í grein Guðbrands Sigurðssonar frá Svelgsá, "Gengið á Seljadal", í Árbók fornleifafélagsins segir m.a.: "Gamall bóndi frá Hraunfirði sagði mér, að hann hefði heyrt orðróm um, að einn Hraunfjarðarbóndi hefði tekið upp mó á Seljadal, þurrkað hann þar og flutt hann í þessa tóft [seljatóft I, sjá 011A] eftir að hafa stungið upp úr henni.

Móinn dró hann svo um veturinn heim á sleða." Viða hefur verið hægt að taka mói Seljadal en líklegast hefur hann verið tekið á deigiendissvæðinu skammt frá seli 0 11. Svæðið er mýrlent að norðvestan og í miðju svo dæmi séu tekin. Hvergi sáust skýrar mógrafir. Seljadalur er grasivaxinn, smápýfður og sléttur. Mýrarflákar eru víða í dalunum inn á milli þurrari svæða. Engin ummerki mógrafa sjást á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** JÁM V, 338; Árbók fornleifafélagsins 1961, 86

**SN-242:019** tóft sel?

64°54.822N 22°57.957V

Innst, eða SSV, í Seljadal er tóft norðaustan við gamlan árfarveg Seljadalsár. Áin rennur til austurs út úr gili, um 100 m fyrir suðvestan tóftina. Eldri árfarvegurinn er grýttur og er 10 - 20 m fyrir suðvestan tóftina. Tóftin er um 450 m suðvestan við sel 011.



**Mynd 5 Tóftin horft til suðurs og vesturs**

Selið er á sléttu, grasivöxnu svæði í aðeins aflíðandi halla til norðausturs. Stórgrýti stendur víða upp úr

sverði og hefur borist þangað með leysingum í Seljadalsá en hún rann áður norðan er hún gerir nú.

Tóftin er 200-300 m vestan Hraunfjarðarvatns og er land á þessum slóðum 1-1,5 m hærra en vatnsyfirborð. Vatnsyfirborðið hefur ekki farið hærra á þessum slóðum. Tóftin er 15 x 6 m að stærð og veggirnir eru afar signir. Tóftin er mjög gróin og ógreinileg vegna smápýfis, grass og mosa. Tóftin snýr suðaustur - norðvestur, er byggð inn í aflíðandi slakka til suðurs og líklega að hluta til að vestan. Tóftin skiptist í þrjú hólfi. Hólf 1 er austast. Það er um 3 x 3 m að innanmáli og inngangur er á norðurhlið. Austurveggur er mjög greinilegur, um 0,6 m á hæð og grasivaxinn. Hinir veggirnir eru 0,3-0,5 m að hæð. Hvergi glittir í grjóti í veggjunum. Hólf 2 er vestan við hólfi 1. Það er um



1033-FAX:551 1047. NETFANG:FSI@INSTARCH.IS. KT. 680695-2969

# FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

## S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

2 x 2 m að stærð og inngangur á norðurhlið. Veggirnir eru um 0,3 m hæð og nánast útflattir. Hólf 3 er vestan við hólf 2. Það er um 1 x 1 m að innanmáli og inngangur á norðurhlið. Annað hólf hefur mögulega verið fyrir norðan hólf, útveggurinn nær um 2 m lengra en hólf sálft. Ekki er líklegt að tóftin sé f tengslum við seljarústir 0 11, til þess er of langt á milli staðanna. Útlit tóftar og staðsetning gæti hins vegar vel bent til að tóftin sé annað sel og skýrir það einnig fleirtölumyndun örnefna Seljabrekkur og Seljadalur. Fari vatnsyfirborð ekki hærra en það hefur gert fram að þessu og hægt er að sjá af ummerkjum og skemmdum á gróðti ætti þessi tóft ekki að vera mikilli hættu.

**Hættumat:** hættu, vegna landbrots

SN-242:020 þúst óþekkt

64°55.006N 22°57.735V

Rúmunum 60 m suðvestan við sel 011 og um 400 m norðaustan við mögulegar seltóftir 0 19 er þúst. Þústin var um 30 m norðvestan við vatnsyfirborðið þegar svæðið var skoðað þann 21. september 2010. Greinilegt er að vatnið nær nánast allveg að þústinni þegar bæst er f því. Einungis eru um 5 m frá þústinni að þeim stað sem vatnið hefur verið.



Mynd 6 Þústin horft til norðurs

Þústin er í þýfðum, grasi- og mosavöxnum móa.

Þústin er 5,5 x 4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru 0,2 - 1 m á hæð. Þústin er lyngi.grasi- og mosavaxin. Hún snýr NNA-SSV, er einföld og engin inngangur er sjáanlegur. Þústin er skýrust að ANA en engar grjóthleðslur sjást. Innanmál þústarinnar er 2 x 1 m. Útlit tóftar og staðsetning bendir einna helst til að hún hafi verið hey- eða móstæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

Ljóst er að mmjum á Seljadal er mikil hættu búin af hækkandi vatnsyfirborði. Allir minjastaðirnir á Seljadal sem skráðir voru töldust í stórhættu vegna vatnsaga. Sést það best á tóft 242:01 IE sem hefur talsvert skemmst á síðustu árum. Vatn er einnig farið að flæða að tóft 242:020. Það er Fornleifaverndar ríkisins að taka ákvörðun um hvort til einhverra aðgerða

# FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

beri að grípa vegna þeirrar hættu sem tóftunum er búinn og þá hverra. Ítarlegri rannsóknir á svæðinu gætu m.a. falist í uppmælingu minja, prufuskurðum í tóftir eða uppgrefti á þeim.

Minnt skal á að fornleifar geta leynst undir sverði þótt þær sjáist ekki á yfirborði. Um slík tilvik segir í 13. gr. þjóðminjalaga: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er ... Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.”

## Hnitaskrá í ISN93:

| Samtala | Northings | Eastings  |
|---------|-----------|-----------|
| 242011A | 312672.7  | 496646.08 |
| 242011B | 312667.17 | 496661.66 |
| 242011C | 312663.23 | 496667.58 |
| 242011D | 312680.39 | 496658.9  |
| 242011E | 312700.11 | 496659.89 |
| 242016  | 312584.34 | 496538.78 |
| 242019  | 312439.37 | 496263.64 |
| 242020  | 312636.01 | 496595.19 |

## Hnitaskrá í WGS84:

| Samtala | Longitude | Latitude  |
|---------|-----------|-----------|
| 242011A | 64 55.035 | 22 57.693 |
| 242011B | 64 55.043 | 22 57.701 |
| 242011C | 64 55.046 | 22 57.706 |
| 242011D | 64 55.042 | 22 57.684 |
| 242011E | 64 55.043 | 22 57.659 |
| 242016  | 64 54.974 | 22 57.796 |
| 242019  | 64 54.822 | 22 57.957 |
| 242020  | 64 55.006 | 22 57.735 |

## Heimildir sem stuðst var við:

Friðrik Ársællsson (2007). „Það hefur orðið stórfelld eyðilegging á þessu svæði”. Morgunblaðið 1. ágúst 2007. Skoðað þann 11. október 2010. Vefslóð:  
[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1158041](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1158041)

Guðbrandur Sigurðsson (1961). „Gengið á Seljadal”. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1961*. Kristján Eldjárn (ed.) Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 85-87.

# FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

Örnefnaskrá fyrir Hraunsfjörð. Þorleifur Jóhannesson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Afrit af bréfinu verður sent Fornleifavernd ríkisins.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Ragnheiður Gló Gylfadóttir, fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

# Minjastaðir í Seljadal/Seljabrekkum



242011C  
242011B 242011E  
242011D  
242011A

242020

242016

242019

0 50 100  
metrar

Minjastaðirnir eru sýndir á Satelite gervitunglamynd Fornleifastofnunar Íslands.  
Myndin sýnir vatnyfirborðið án hækkunar.